





## Varðar: Vatnsmýrarvegur 10 – umsögn um staðsetningu ökutækjaleigu

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. maí 2023 var lagt fram erindi Samgöngustofu dags. 15. maí 2023 þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar Stefáns Ágúst Magnússonar f.h. Front stjórnunar & ráðgjafar ehf. um að reka ökutækjaleigu að Vatnsmýrarvegi 10. Sótt er um leyfi fyrir allt að 9 ökutækjum til útleigu.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag

### Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi tilheyrir byggingin Vatnsmýrarvegi 10, borgarhluta 2 Miðborg og er á skilgreindu miðsvæði M5b, BSÍ-reitur.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag, samþykkt 21. nóvember 1995 með síðari breytingum.

### Umsögn

Í lögum um leigu skráningarskyldra ökutækja, 2015/65, dags. 9. júlí þá er ökutækjaleiga starfsemi sem rekin er í atvinnuskyni þar sem almenningi eða fyrirtækjum er boðið til leigu skráningarskyld ökutæki án ökumanns, að jafnaði til skemmri tíma. Hver sá sem hyggst reka ökutækjaleigu skal hafa til þess starfsleyfi frá Samgöngustofu. Starfsleyfi er ótímabundið og skal veitt að fenginni jákvæðri umsögn sveitarstjórnar í því umdæmi þar sem ökutækjaleiga mun hafa fasta starfsstöð. Í umsögn skal sveitarstjórn m.a. taka afstöðu til staðsetningar ökutækjaleigu og þess hvort aðkoma henti fyrir væntanlega starfsemi hennar. Umsagnir skulu vera skýrar og rökstuddar. Starfsleyfi getur verið bundið skilyrðum sem koma fram í umsögn.

Almennir fyrirvarar varðandi afgreiðslu skipulagsfulltrúa um ökutækjaleigur, sem fylgja með öllum umsögnum um ökutækjaleigur:

- Það er á ábyrgð umsækjanda að geta sýnt fram á að fullnægjandi bílastæðafjöldi sé til staðar fyrir starfsemi á lóðinni sem skerði ekki nýtingu annarra meðlóðarhafa á bílastæðum innan lóðar. Ef ekki reynist vera aðstaða fyrir þann fjölda bíla sem óskað er eftir innan lóðamarka, skal endurskoða starfsleyfið.
- Afgreiðsla skipulagsfulltrúa felur ekki í sér skuldbindingu af hálfu borgarinnar að útvega frekari bílastæði á borgarlandi eða veita heimild fyrir fleiri bílastæðum innan lóðamarka, ef svo ber við, og er það á ábyrgð umsækjanda og lóðarhafa að gera viðeigandi ráðstafanir ef bílastæðafjöldi reynist ófullnægjandi, á eigin kostnað.
- Bent er á að landnotkun svæðisins gæti breyst í framtíðinni sem gæti haft áhrif á starfsskilyrði bílaleiga á svæðinu.

Húsið á nr. 10 við Vatnsmýrarveg er Umferðarmiðstöð, byggð árið 1966 á 0,0 m<sup>2</sup> viðskipta- og þjónustulóð skv. fasteignaskrá. Óskað umsagnar skipulagsfulltrúa á umsókn Stefáns Ágúst Magnússonar f.h. Front stjórnunar & ráðgjafar ehf. um að reka ökutækjaleigu að Vatnsmýrarvegi 10 fyrir allt að 9 ökutækki.

Samkvæmt aðalskipulagi byggingin staðsett á miðsvæði M5b. Um miðsvæði M5b BSÍ-reitur segir í aðalskipulagi: „ Einkum verslun, þjónusta og skrifstofur, auk samgöngumiðstöðvar. Mikilvægt er að á svæðinu byggist upp fjölbreytt starfsemi og þjónusta sem styður við og þróast samhliða uppbyggingu miðsvöðvar fyrir almenningsamöngur. Við gerð deiliskipulags á svæðinu verði haft samráð við Landspítala og Háskóla Íslands.“.

Í deiliskipulagi er lóðin sögð 16-17.000 m<sup>2</sup> en án þess að lóðamörk hafi verið skilgreind formlega. Á henni eru fjöldi bílastæða sem tengjast starfsemi á lóðinni, sem eru m.a. ferðaþjónustufyrirtæki, rútufyrirtæki, bílaleiga og veitingastarfsemi. Lóðin hentar því vel fyrir bílaleigu. Umrædd starfsemi er í samræmi við landnotkun skv. aðalskipulagi Reykjavíkur, fjöldi bílastæða á lóð og aðgengi til og frá svæði mjög hentug fyrir starfsemina og því er tekið jákvætt í erindið. Sem fyrr segir þá er það á ábyrgð umsækjanda að fullnægjandi bílastæðafjöldi sé til staðar fyrir starfsemi ökutækjaleigu á viðkomandi lóð og gera samkomulag við meðlóðarhafa um nýtingu bílastæða. Ef ekki reynist vera aðstaða fyrir þann fjölda bíla sem óskað er eftir innan lóðamarka, skal endurskoða starfsleyfið. Mikilvægt er að samkomulag ríki um milli meðlóðarhafa um nýtingu á bílastæði.

Hins vegar er svæðið í þróun og fyrirséð að breytingar verði á því á næstu árum sem gæti haft áhrif á starfsskilyrði bílaleiga á svæðinu. Því skal takmarka starfsleyfi bílaleigu við tvö ár frá útgáfudegi.

## Niðurstaða

- Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við ökutækjaleigu við hús nr. 10 við Vatnsmýrarveg fyrir allt að 9 ökutæki.
- Starfsleyfið skal gilda í tvö ár frá útgáfudegi.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Lára Gunnarsdóttir, sérfræðingur